

## TILSKIPUN EVRÓPUBINGSINS OG RÁÐSINS 94/22/EB

frá 30. maí 1994

## um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 57. gr., 66. og 100 gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir. Grípa þarf til nauðsynlegra ráðstafana til að starfsemi hans sé sem skyldi.

Í ályktun sinni frá 16. september 1986 <sup>(4)</sup> lagði ráðið áherslu á sem markmið í orkustefnu bandalagsins og aðildarríkjanna að tryggja betri samruna, án viðskiptahindrana, innri orkumarkaðarins með það í huga að tryggja öruggt orkuframboð, draga úr kostnaði og bæta efnahagslega samkeppnisstöðu.

Bandalagið treystir að miklu leyti á innflutning til að anna eftirspurn á kolvatnsefni. Því er ráðlegt að hvetja til leitara, rannsókna og vinnslu á þeim auðlindum sem til eru í bandalaginu.

Aðildarríkin hafa yfirráðarétt yfir kolvatnsefnisauðlindum á þeirra yfirráðasvæði.,

Bandalagið hefur undirritað Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Gera skal ráðstafanir til að tryggja aðgang að starfsemi án mismununar og möguleika til að stunda starfsemi í tengslum við leit, rannsóknir og vinnslu kolvatnsefnis við aðstæður sem hvetja til aukinnar samkeppni á þessu sviði og stuðla

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 139, 2. 6. 1992, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 19, 25. 1. 1993, bls. 128.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópubingsins frá 18. nóvember 1992 (Stjtið. EB nr. C 337, 21. 12. 1992, bls. 145). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 22. desember 1993 (Stjtið. EB nr. C 101, 9. 4. 1994, bls. 14) og ákvörðun Evrópubingsins frá 9. mars 1994 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. C 241, 25. 9. 1986, bls. 1.

þar með að því að leit, rannsóknir á og vinnsla úr auðlindum í aðildarríkjunum fari fram með sem hagkvæmustum hætti og að styrkja samruna hins innri orkumarkaðar.

Í þessu skyni er nauðsynlegt að koma á sameiginlegum reglum til að tryggja að málsmeðferðin við að veita leyfi til leitara, rannsókna og vinnslu kolvatnsefnis sé opin öllum fyrirtækjum sem hafa nauðsynlegt bolmagn til þess. Leyfi skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerðar hafa verið opinberar. Öllum fyrirtækjum sem taka þátt í málsmeðferðinni skal að sama skapi vera kunnugt um skilyrðin sem leyfin byggjast á.

Aðildarríkin skulu hafa tækifæri til að takmarka aðgang að og framkvæmd þessarar starfsemi út frá hagsmunum samfélagsins og að gera þeim sem að slíkri starfsemi standa skylt að inna af hendi fjárframlag eða leggja af mörkum framlag í formi kolvatnsefnis, en nauðsynlegt er að setja nákvæmar reglur um slíkar greiðslur til að koma í veg fyrir að þær raski stjórnunarstarfi í viðkomandi fyrirtækjum. Þessir möguleikar skulu nýttir án mismununar. Að undanteknum skilyrðunum sem tengjast nýtingu þessara möguleika skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fyrirtækjum sé gert að uppfylla skilyrði og skyldur sem ekki eru rökstuddar með því að þær séu nauðsynlegar til að starfsemi þessi verði stunduð vandkvæðalaust. Aðeins skal fylgst með starfsemi fyrirtækja að því marki sem nauðsynlegt telst til að tryggja að þær uppfylli þessi skilyrði og skyldur.

Takmarka skal það svið sem leyfi nær til og gildistíma þess í því skyni að koma í veg fyrir að eitt fyrirtæki geti áskilið sér einkarétt á svæði þar sem hægt væri að stunda leit, rannsóknir og vinnslu með hagkvæmari hætti ef mörg fyrirtæki ættu í hlut.

Fyrirtæki í aðildarríkjunum skulu geta fengið fyrirgreiðslu í þriðju löndum sambærilega við þá fyrirgreiðslu sem þriðju lönd njóta í bandalaginu í krafti þessarar tilskipunar. Nauðsynlegt er að kveða á um málsmeðferð sem tekur mið af þessu.

Þessi tilskipun ætti að gilda um leyfi sem gefin eru út frá og með þeim degi sem miðað er við að aðildarríkin hafi samþykkt nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun.

Tilskipun ráðsins 90/531/EBE frá 17. september 1990 um reglur um innkaup fyrirtækja sem sinna vatnsveitu, orku-

veitu, flutningum og fjarskiptum <sup>(1)</sup> og tilskipun ráðsins 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup fyrirtækja sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti <sup>(2)</sup> eiga við um fyrirtæki sem starfa á sviði orkumála að því er varðar innkaup þeirra á vörum og gerð verk- og þjónustusamninga. Beiting annars fyrirkomulags sem kveðið er á um í 3. gr. tilskipunar 90/531/EBE er einkum háð þeim skilyrðum að í aðildarríkinu sem óskar eftir að þessu fyrirkomulagi sé beitt, verði leyfi veitt án mismununar og með gagnsæum hætti. Aðildarríki uppfyllir þessi skilyrði frá þeirri stundu sem og eins lengi og það uppfyllir skilyrði þessarar tilskipunar. Þar af leiðir að nauðsynlegt er að breyta tilskipun 90/531/EBE.

Í 36. gr. tilskipunar 90/531/EBE er kveðið á um endurskoðun á gildissviði hennar innan fjögurra ára í ljósi þróunar mála, einkum að því er varðar aukið frjálsræði í markaðsmálum og aukna samkeppni. Þessi endurskoðun á gildissviði tekur til leitar og náms kolvatnsefnis.

Danmörk hefur sérstöðu vegna þess að landinu ber skylda til að leita eftir samningum um hugsanlegt framhald á starfsemi eftir að sérleyfið, sem var gefið út 8. júlí 1962, varðandi svæði sem verða látin af hendi 8. júlí 2012, rennur út. Danmörk fær því undanþágu hvað varðar þessi svæði.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *lögbær yfirvöld*: þau opinberu yfirvöld sem skilgreind eru í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 90/531/EBE og eru ábyrg fyrir því að veita leyfi og hafa eftirlit með þeim;
2. *fyrirtæki*: einstaklingur eða lögpersóna eða hópur slíkra persóna sem sækir um, líklegt er að sæki um eða hafi leyfi;
3. *leyfi*: lög eða stjórnisýslufyrirmæli, samningsákvæði eða skjöl gefin út í sambandi við slíkt samkvæmt hverjum lögbær yfirvöld í aðildarríki leyfa fyrirtæki að beita, fyrir eigin hönd og á eigin reikning, einkarétti til að leita að, rannsaka eða vinna kolvatnsefni á tilteknu landsvæði. Veita má leyfi fyrir eina starfsemi sérstaklega eða fleiri en eina starfsemi hverju sinni;

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 297, 29. 10. 1990, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 199, 9. 8. 1993, bls. 84.

4. *opinbert fyrirtæki*: opinbert fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 90/531/EBE.

##### 2. gr.

1. Aðildarríkin halda réttinum til að ákveða hvaða svæði innan þeirra yfirráðasvæðis verði gerð aðgengileg til að stunda leit, rannsóknir eða vinnslu kolvatnsefnis.
2. Í hvert sinn sem svæði er gert aðgengilegt til að stunda starfsemi sem um getur í 1. mgr. skulu aðildarríkin tryggja að fyrirtækjum sé ekki mismunað á neinn hátt að því er varðar aðgang að starfsemi og að stunda hana.

Þó mega aðildarríkin neita, vegna þjóðaröryggis, að heimila fyrirtæki sem að stórum hluta er undir yfirráðum þriðja lands eða ríkisborgara þriðja lands aðgang að slíkri starfsemi og að stunda hana.

##### 3. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að leyfi séu aðeins veitt að undangenginni málsmeðferð sem felst í því að öll fyrirtæki sem sýna málinu áhuga megi leggja inn umsóknir í samræmi við 2. eða 3. mgr.

2. Málsmeðferðin skal hafin:

- a) annaðhvort að frumkvæði lögbærra yfirvalda með auglýsingu þar sem boðið er upp á að umsóknir séu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* að minnsta kosti 90 dögum fyrir síðasta umsóknardag;
- b) eða með auglýsingu þar sem boðið er upp á að umsóknir séu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* eftir að fyrirtæki leggur inn umsókn án þess að brjóti í bága við 1. mgr. 2. gr. Önnur fyrirtæki sem sýna málinu áhuga skulu hafa að minnsta kosti 90 daga frest til að leggja inn umsókn.

Í umsóknum skal tilgreina tegund leyfis, landsvæðið eða landsvæðin að hluta til eða öll sem sótt hefur verið um eða sótt kann að vera um og hvenær eða innan hvaða tímamarka má gera ráð fyrir að leyfið verði veitt.

Sé óskað eftir umsóknum fyrirtækja sem eru einn einstaklingur eða lögpersóna skal slíkt tilgreint í auglýsingu.

3. Aðildarríki mega veita leyfi án þess að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. ef svæðið sem leitað er leyfis fyrir:

- a) er aðgengilegt til langs tíma; eða

- b) hefur áður sætt málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. sem hefur ekki leitt til þess að leyfi hafi verið veitt; eða
- c) hefur verið gefið eftir af fyrirtæki og fellur ekki sjálfkrafa undir a-lið.

Aðildarríki sem óskar eftir að beita þessari málsgrein skal innan þriggja mánaða frá því að þessi tilskipun er samþykkt eða, ef um er að ræða aðildarríki sem hafa ekki enn tekið upp slíka málsmeðferð, án tafar sjá til þess að í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* birtist auglýsing þar sem tilgreint er hvaða svæði innan yfirráðasvæðis þess séu aðgengileg samkvæmt þessari málsgrein og hvar hægt sé að afla frekari upplýsinga þar að lútandi. Verði umtalsverðar breytingar á þessum upplýsingum skal tilkynna um slíkt með nýrri auglýsingu. Þó er ekki hægt að taka til meðferðar umsóknir um leyfi samkvæmt þessari málsmeðferð fyrr en viðeigandi auglýsing hefur verið birt í samræmi við ofangreint.

4. Aðildarríki kann að ákveða að beita ekki ákvæðum 1. mgr. ef, eða að því marki sem, landfræðilegar ástæður eða framleiðsluástæður réttlæta veitingu leyfis fyrir svæði til leyfishafa aðlægs svæði. Aðildarríkið sem í hlut á skal tryggja að leyfishafar annarra aðlægra svæða geti lagt inn umsóknir í þessum tilvikum og fái nægilegan tíma til þess.

5. Eftirfarandi skal ekki teljast veiting leyfis í skilningi 1. mgr.:

- a) veiting leyfis sem er eingöngu til komið vegna breytts heitis eða eignarhalds fyrirtækis sem er núverandi leyfishafi, breytingar á samsetningu slíks fyrirtækis eða yfirfærslu leyfis;
- b) veiting leyfis til fyrirtækis sem hefur aðra tegund leyfis þar sem umráð yfir síðarnefnda leyfinu felur í sér rétt til að hljóta úthlutun fyrra leyfisins;
- c) ákvörðun lögbærra yfirvalda sem tekin er innan ramma leyfis (hvort sem slíkt leyfi var veitt fyrir daginn sem tilgreindur er í 14. gr. eða ekki) og tengist upphafi, truflun, framlengingu eða stöðvun framkvæmda eða framlengingu leyfisins sjálfs.

6. Óháð því hvort málsmeðferðin sem um getur í 2. mgr. er hafin eiga aðildarríkin áfram valkost að hafna veitingu leyfa um leið og þau tryggja að þessi valkostur valdi því ekki að fyrirtækjum sé mismunað.

4. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- a) miðist skipting landsvæða ekki við fyrri landfræðilega skiptingu yfirráðasvæðisins, miðist umfang hvers svæðis við að það fari ekki yfir stærð þá sem réttlætir besta mögulega útfærslu starfseminnar út frá tæknilegu og efnahagslegu sjónarmiði. Séu leyfi veitt í kjölfar málsmeðferðarinnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. skal leggja fram hlutlæg viðmið í þessu skyni og skulu þau gerð aðgengileg fyrir fyrirtæki áður en umsóknir eru lagðar inn;
- b) gildistími leyfis sé ekki lengri en sem nemur þeim tíma sem þarf til að framkvæma þá starfsemi sem leyfið miðast við. Þó mega lögbær yfirvöld framlengja leyfið ef tilgreindur gildistími er ónógur til að ljúka þeirri starfsemi sem um er að ræða og ef starfsemin hefur farið fram í samræmi við leyfið;
- c) fyrirtæki haldi ekki einkarétti á landsvæði því sem þau hafa fengið leyfi fyrir lengur en nauðsynlegt er til að framkvæma þá starfsemi sem leyfið segir til um.

5. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

1. leyfi séu veitt á grundvelli viðmiðana sem varða, í öllum tilvikum:
- a) tæknilegt og fjárhagslegt bolmagn fyrirtækja; og
- b) hvernig þau hyggjast standa að leit, rannsóknun og/eða vinnslu á landsvæðinu sem um ræðir;
- og þar sem við á:
- c) ef leyfi er boðið til kaups, verð það sem fyrirtæki er reiðubúið til að greiða til að fá leyfið;
- d) ef, að undangengnu mati samkvæmt viðmiðun í a-, b- og, ef við á, c-lið tvær eða fleiri umsóknir eru jafnar að metum, aðrar viðeigandi hlutlægar viðmiðanir án mismununar til að skera úr um hvaða umsókn verður að lokum fyrir valinu.

Lögbær yfirvöld mega einnig við mat á umsóknunum hafa hliðsjón af því ef skortir á að umsækjendur hafi sýnt skilvirkni og ábyrgð við starfsemi samkvæmt fyrri leyfi.

Ákvarði lögbær yfirvöld samsetningu fyrirtækis sem þau kunna að veita leyfi skulu þau taka slíka ákvörðun á grundvelli hlutlægra og viðmiðana sem valda ekki mismunun.

Ákvarði lögbær yfirvöld rekstraraðila fyrirtækis sem þau kunna að veita leyfi skulu þau taka slíka ákvörðun á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem valda ekki mismunun.

Viðmiðanirnar skulu samdar og birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* áður en umsóknarfresturinn tekur gildi. Aðildarríkin sem hafa þegar birt viðmiðanir í eigin stjórnartíðindum geta takmarkað birtingar sínar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* við tilvísun í rit eigin stjórnartíðinda. Þó skal birta upplýsingar um allar breytingar sem verða á viðmiðunum í heild sinni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*;

2. skilyrði og kröfur, um hvernig starfsemi er innt að hendi eða um lok starfsemi, sem gilda um einstakar gerðir leyfa í krafti laga og stjórnsýslufyrirmæla sem í gildi eru þegar umsóknir eru lagðar inn, hvort sem slíkt er að finna í leyfinu eða ef um er að ræða skilyrði sem verður að samþykka áður en slíkt leyfi er veitt, eru ákveðin og gerð aðgengileg hvenær sem er þeim fyrirtækjum sem málið varðar. Í því tilviki sem kveðið er á um í a- lið 2. mgr. 3. gr. má eingöngu gera þau aðgengileg frá þeim degi sem leggja má inn umsóknir um leyfi;
3. allar breytingar á skilyrðum og kröfum meðan á málsmeðferð stendur eru tilkynntar til allra fyrirtækja sem málið varðar;
4. viðmiðunum, skilyrðunum og kröfunum sem um getur í þessari grein er beitt án mismununar;
5. þau fyrirtæki sem verða fyrir því að umsóknum þeirra er hafnað skulu, óski þær eftir því, upplýstar um ástæðu þeirrar ákvörðunar.

#### 6. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að skilyrðin og kröfurnar sem um getur í 2. mgr. 5. gr. og nákvæmlega tilgreindar skyldur sem fylgja nýtingu tiltekins leyfis séu rökstuddar sérstaklega með því hve nauðsynlegt er að tryggja að starfsemi á svæðinu sem farið er fram á leyfi til að nýta fari fram með sem bestum hætti, með því að beita 2. mgr. eða með fjárframlagi eða með því að leggja fram kolvatnsefni.

2. Aðildarríkin mega setja skilyrði og gera kröfur um hvernig starfsemin er stunduð eins og um getur í 1. mgr. 2. gr. að svo miklu leyti sem hægt er að rökstyðja það með

tilliti til þjóðaröryggis, almannaöryggis, almannaheilbrigðis, samgönguöryggis, umhverfisverndar, verndar lífrænna auðlinda og þjóðargersema sem hafa listrænt, sögulegt og fornleifafræðilegt gildi, öryggi mannvirkja og starfsmanna, skipulagðrar stjórnunar kolvatnsefnisauðlinda (til dæmis hversu hratt kolvatnsefni er nýtt) eða þarfar á að tryggja skattatekjur.

3. Reglur um fjárframlag eða framlag í formi kolvatnsefnis sem um getur í 1. mgr., þar með taldar kröfur um ríkisþátttöku, skulu settar af aðildarríkjunum með þeim hætti að tryggt sé að stjórnunarlegt sjálfstæði fyrirtækja haldist.

Sé veiting leyfis háð þátttöku ríkisins í starfseminni og ef lögpersónu hefur verið falið að hafa umsjón með þessari þátttöku, eða ef ríkið sjálft hefur umsjón með þátttökunni, skal hvorki vera hægt að koma í veg fyrir að lögpersónan né ríkið ræki skyldur sínar í tengslum við slíka þátttöku, í réttu hlutfalli við umfang þátttökunnar, að því tilskildu að lögpersónan eða ríkið fái ekki upplýsingar um eða fái nýtt atkvæðisrétt vegna ákvarðana sem varðar það hvar gera á innkaup fyrir fyrirtæki, að lögpersónan eða ríkið ásamt opinberu fyrirtæki eða fyrirtæki fái nýtt meirihlutaatkvæðisrétt vegna annarra ákvarðana og að atkvæði greitt af ríkinu eða lögpersónunni skuli eingöngu byggt á reglum sem eru gagnsæjar, hlutlægar og án mismununar og komi ekki í veg fyrir að stjórnunarlegar ákvarðanir fyrirtækjanna séu teknar á grundvelli venjulegra viðskiptareglna.

Þó skulu ákvæði fyrrgreindrar undirgreinar ekki koma í veg fyrir að lögpersónan eða ríkið standi gegn ákvörðun sem tekin er af leyfishöfum og er ekki samkvæmt þeim skilyrðum og kröfum sem tilgreindar eru í leyfinu að því er varðar stefnu ríkisins um nýtingu og efnahagslega hagsmuni.

Beita má þeim valkosti að standa gegn ákvörðun án mismununar, einkum að því er varðar ákvarðanir um fjárfestingu og hvar gera á innkaup fyrir fyrirtæki. Hafi lögpersóna umsjón með þátttöku ríkisins í starfseminni og ef sama lögpersónan er leyfishafi skal aðildarríkið búa svo um hnútana að lögpersónunni sé skylt að halda aðgreinda reikninga um viðskiptalegt hlutverk sitt og hlutverk sitt sem umsjónaradili þátttöku ríkisins og að tryggt sé að engar upplýsingar berist frá þeim hluta lögpersónunnar sem ber ábyrgð á stjórnun þátttöku ríkisins til þess hluta lögpersónunnar sem er handhafi leyfanna sem slíkra. Svo fremi sem sá hluti lögpersónunnar sem ber ábyrgð á stjórnun þátttöku ríkisins fær þann hluta sem er leyfishafi til starfa sem ráðgjafi getur sá fyrrnefndi gert aðgengilegar þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að inna ráðgjafarstarfið af hendi. Leyfishafar sem upplýsingarnar varða skulu fá vitneskju um það

fyrirfram hvaða upplýsingar verða gefnar með þessum hætti og fá nægilegan frest til að hreyfa mótmælum.

4. Aðildarríkin skulu búa svo um hnútana að eftirlit með fyrirtækjum sem hafa leyfi takmarkist við það sem nauðsynlegt er til að tryggja að farið sé að skilyrðum og kröfum sem um getur í 1. mgr. Þau skulu einkum gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að engum fyrirtækjum sé gert skylt samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum eða samkvæmt öðrum samningum eða skuldbindingum að leggja fram upplýsingar um hvar fyrirhugað er að gera eða gerð eru innkaup nema að ósk lögbærra yfirvalda og þá aðeins með markmiðin í huga sem sett eru fram í 36. gr. sáttmálans.

7. gr.

Með fyrirvara um ákvæðin sem varða eða eru hluti af einstaka leyfum og um ákvæði b-liðar 5. mgr. 3. gr. skulu lög og stjórnsýslufyrirmæli sem áskilja einu fyrirtæki rétt til að fá leyfi til nýtingar tiltekinnar landsvæða á yfirráðasvæði aðildarríkis afnumin af viðkomandi aðildarríkjum fyrir 1. janúar 1997.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um almenn lagaleg eða raunveruleg vandkvæði sem fyrirtæki rekast á í tengslum við aðgang að starfsemi sem miðar að leit að, rannsóknnum á og vinnslu kolvatnsefnis í þriðju löndum, og vakin hefur verið athygli á. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að viðskiptaleynd sé virt.

2. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 31. desember 1994, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu, og með reglulegu millibili eftir það, um stöðu fyrirtækja í þriðju löndum og um stöðu samningaviðræðna, samkvæmt 3. mgr., sem kunna að fara fram við þessi lönd eða innan alþjóðastofnana.

3. Í hvert sinn sem framkvæmdastjórnin fær vitneskju um, annaðhvort á grundvelli skýrslanna sem um getur í 2. mgr. eða á grunni annarra upplýsinga, að þriðja land veiti ekki fyrirtækjum í bandalaginu fyrirgreiðslu, hvað varðar aðgang að eða framkvæmd starfseminnar sem um getur í 1. mgr., sem er sambærileg við þá sem bandalagið veitir fyrirtækjum frá þriðja landinu, má framkvæmdastjórnin leggja fram tillögur til bandalagsins um viðeigandi umboð til að ganga til samninga með það fyrir augum að öðlast sambærileg samkeppnistækifæri til handa fyrirtækjum í bandalaginu. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

4. Við þær kringumstæður sem lýst er í 3. mgr. má framkvæmdastjórnin hvenær sem er leggja til að ráðið heimili einu eða fleiri aðildarríkjum leyfi að synja um leyfi til fyrirtækis sem lýtur í raun stjórn þriðja lands sem í hlut á og/eða ríkisborgara þessa þriðja lands.

Framkvæmdastjórnin má gera slíka tillögu að eigin frumkvæði eða að ósk aðildarríkis.

Ráðið tekur ákvörðun, eins fljótt og auðið er, með auknum meirihluta.

5. Ráðstafanir sem gerðar eru í samræmi við þessa grein skulu vera með fyrirvara um skyldur bandalagsins samkvæmt alþjóðasamningum um aðgang að starfsemi sem felst í að leita, rannsaka og vinna kolvatnsefni.

9. gr.

Hvert aðildarríki skal birta og senda framkvæmdastjórninni ársskýrslu sem í skulu vera upplýsingar um landsvæðin sem opnuð hafa verið til leitar, rannsókna og vinnslu, veitt leyfi, fyrirtæki sem hafa leyfi og samsetningu þeirra og áætlaðar birgðir sem er að finna á yfirráðasvæðinu.

Þetta ákvæði felur ekki í sér að aðildarríkjunum sé skylt að birta upplýsingar sem viðskiptaleynd hvílir á.

10. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 1. maí 1995, um lögbæru yfirvöldin. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um breytingar sem síðar kunna að verða. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir lögbær yfirvöld og breytingar sem kunna að verða á henni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

11. gr.

Tilskipun þessi gildir um leyfi sem eru veitt frá þeim degi sem mælt er fyrir um í 14. gr.

12. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 3. gr. tilskipunar 90/531/EBE:

„5. Að því er varðar nýtingu landsvæða í því skyni að leita að eða vinna olíu eða gas skulu 1. til 4. mgr. gilda frá þeim degi sem viðkomandi aðildarríki hlítir ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá

30. maí um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni(\*):

- a) telja skal að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. hafi verið hlítt frá þeim degi með fyrirvara um 3. mgr.;
- b) frá þessum degi skal aðildarríkinu sem um getur í 4. mgr. gert skylt að miðla eingöngu þeim ákvæðum sem tengjast því að skilyrðum sem um getur í 2. og 3. mgr. sé hlítt.

(\*) Stjtið. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 3.“

*13. gr.*

Ákvæði 3. og 5. gr. skulu ekki gilda um ný leyfi, sem Danmörk veitir fyrir 31. desember 2012, að því er varðar svæði sem látin verða af hendi þann 8. júlí 2012, þegar leyfið sem var gefið út 8. júlí 1962 rennur út. Nýju leyfin skulu veitt á grundvelli hlutlægra reglna sem valda ekki mismunun.

Þessi grein skapar því ekki fordæmi fyrir aðildarríkin.

*14. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en

1. júlí 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*15. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

*16. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. maí 1994.

*Fyrir hönd*

*Evrópuþingsins,*

E. KLEPSCH

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

C. SIMITIS

*forseti.*